

Aðalfundur Líknarfélagsins

25. september 2010

„Stöðugar og óhagganlegar“

Silvia H. Allred

fyrsti ráðgjafi í aðalforsætisráði Líknarfélagsins

Ég er þakklát fyrir að eiga hlutdeild í þessari samkomu trúfastra kvenna um allan heim. Ég hef hitt þúsundir ykkar í hinum ýmsu löndum. Staðfesta ykkar og hollusta hefur veitt mér styrk. Fordæmi ykkar, góðvild og skyldurækni við fagnaðarerindið hefur veitt mér innblástur. Hljóðlát verk ykkar, óeigingjörn þjónusta, vitnisburður og sannfæring hafa auðmýkt hjarta mitt.

Ég mun leggja fyrir sérhverja ykkar sömu spurningar og ég hef lagt fyrir svo margar ykkar í viðræðum okkar.

1.

Hvað auðveldar ykkur að vera stöðugar og óhagganlegar er þið takist á við þá erfiðleika sem reyna á trú ykkar?

2.

Hvað veitir ykkur stuðning í raunum og andstreymi?

3.

Hvað auðveldar ykkur að standast og verða sannir lærisveinar Krists?

Svör ykkar hafa m.a. verið þessi:

1.

Vitneskjan um að himneskur faðir elskar ykkur og annast.

2.

Vonin um að allar blessanir sem hinum trúföstu er lofað uppfyllist fyrir friðþægingu Jesú Krists.

3.

Þekking ykkar á endurlausnaráætluninni.

Boðskapur minn í dag byggist á þessum svörum sem komið hafa frá hjörtum ykkar.

Í Rómverjabréfinu 8:16 segir: „Sjálfur andinn vitnar með vorum anda, að vér erum Guðs börn“. Mín fyrsta minning um að hafa fengið fullvissu um að himneskur faðir þekkti, elskaði og annaðist mig, var þegar ég sté ofan í skírnavatnið 15 ára gömul. Fyrir þann

tíma vissi ég að Guð var til og að Jesús Kristur væri frelsari heimsins. Ég trúði á og elskaði þá, en ég hafði aldrei upplifað umönnun þeirra og elsku til mín sem einstaklings, fyrir en þennan dag, er ég fagnaði yfir því að geta gert skírnarsáttmála.

Það rann upp fyrir mér hve dásamlegt kraftaverk það var að trúboðarnir fundu mig og kenndu mér, einkum þar sem aðeins lítill hópur trúboða er meðal milljóna manna! Mér varð þá ljóst að himneskur faðir þekkti mig og elskaði svo sérstaklega, að hann leiddi trúboðana að heimili mínu.

Ég veit nú að Guð er Guð kærleika. Það er sannleikur því að við erum börn hans og hann þráir að veita okkur öllum gleði og eilífa hamingju. Verk hans og dýrð er að við hljótum ódauðleika og eilíft líf.¹ Þess vegna sá hann okkur fyrir eilífri sæluáætlun. Tilgangur lífsins er að hljóta eilíft líf og upphafningu fyrir sjálfar okkur, og að hjálpa öðrum að gera slíkt hið sama. Hann skapaði þessa jörðu fyrir okkur í þeim tilgangi að við fengjum efnislíkama og reynt yrði á trú okkar. Hann veitti okkur hina dýrmætu gjöf sjálfræðis, sem við getum beitt til að velja veginn sem liggur til eilífrar sælu. Endurlausnaráætlun himnesks föður er fyrir þig og mig. Hún er fyrir öll börn hans.

„Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd, hann skapaði hann eftir Guðs mynd, hann skapaði þau karl og konu.

Og Guð blessaði þau, og Guð sagði við þau: Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina.“²

„Og hann gaf þeim boðorð um að tigna Drottin Guð sinn og fórna frumburðum hjarda sinna og færa Drottni þá fórn. Og Adam var hlýðinn boðorðum Drottins.“³

Adam og Eva eignuðust börn og haldið var áfram að framfylgja áætluninni.

Ég veit að sérhver okkar gegnir mikilvægu hlutverki sem dóttir Guðs. Hann veitti dætrum sínum guðlega eiginleika í þeim tilgangi að framfylgja verki hans. Guð fól konum hið helga verk að fæða og ala upp börn. Ekkert annað verk er mikilvægara því. Það er helg köllun. Göfugasta hlutverk kvenna er það helga verk að skapa eilífar fjölskyldur, í félagi við eiginmann sinn, ef kostur er.

Mér er ljóst að sumar systur okkar hafa enn ekki notið blessunar hjónabands eða barneigna. Ég fullvissa ykkur um að sá tími kemur er þið hljótið allar þær blessanir sem hinum trúföstu er heitið. Þið verðið að „sækja fram, [staðfastar] í Kristi, í fullkomnu vonarljósi ... og [standa stöðugar] allt til enda ... [svo þið] munuð öðlast eilíft líf.“⁴ Í eilífu samhengi munuð þið aðeins verða án þessara blessana í „örskamma stund.“⁵

Auk þess þurfið þið ekki að vera giftar til að halda boðorðin og annast fjölskyldur, vini og nágranna. Gjafir ykkar, hæfileikar, kunnátta og andlegur styrkur, eru afar mikilvægar við uppbyggingu ríkisins. Drottinn reiðir sig á að þið séuð fúsar til að framfylgja þessum mikilvægu skyldum.

Drottinn segir: „Ég [gleymi] þér ... ekki. Sjá, ég hefi rist þig á lófa mína, múrar þínir standa jafnan fyrir augum mér.“⁷

Drottinn elskar ykkur. Hann þekkir vonir ykkar og vonbrigði. Hann mun ekki gleyma ykkur, því sársauki ykkar og þjáningar eru stöðugt frammi fyrir honum.

Æðsta kærleikstjáníning Guðs til okkar var vilji hans til að senda sinn ástkæra son, Jesú Krist, til að friðþægja fyrir syndir okkar, til að verða frelsari okkar og lausnari.

Í Jóhannesi 3:16 lesum við: „Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf“.

Frelsarinn sagði: „Ég hef elskað yður, eins og faðirinn hefur elskað mig.“⁷

Vilji Jesú Krists til að verða fórnarlambið sýndi kærleika hans til föðurins og óendanlega elsku hans til sérhverrar okkar.

Jesaja lýsir þjáníngum frelsarans: „En vorar þjáníngar voru það, sem hann bar, og vor harmkvæli, er hann á sig lagði. ...

„... Hann var særður vegna vorra synda og kraminn vegna vorra misgjörða ... og fyrir hans benjar urðum vér heilbrigðir.“⁸

Drottinn hefur sjálfur lýst yfir: „Ég, Guð, hef þolað þetta fyrir alla, svo að þeir þurfi ekki að þjást, ef þeir iðrast.“⁹

Hann rauf hlekki dauðans og gerði öllu mannkyni upprisú mögulega. Hann gaf okkur gjöf ódauðleika.

Jesús Kristur tók á sig syndir okkar, þjádíst og dó til að fullnægja kröfum réttvísinnar, svo við þyrftum ekki að þjást, ef við iðrumst.

Við sýnum að við samþykkjum Jesú Krist sem frelsara okkar þegar við setjum traust okkar á hann, iðrumst synda okkar og tökum á móti þeim endurleysandi helgiathöfnum sem krafa er gerð um til að komast í návist Guðs. Þessar endurleysandi helgiathafnir eru táknrænar fyrir þá sáttmála sem við gerum. Sáttmálarnir um hlýðni við lögmál hans og boðorð binda okkur við Guð og efla trú okkar. Trú okkar á Krist og staðfesta við hann mun veita okkur hugrekki og sjálfstraust til að takast á við erfiðleika lífsins, sem er hluti af jarðneskri reynslu okkar.

Nokkru eftir að eiginmaður minn var kallaður til að vera í forsæti Asunción-trúboðsins í Paraguay árið 1992, sóttum við greinarráðstefnu í afviknu héraði í Paraguayan Chaco.¹⁰ Við ferðuðumst í fjórar klukkustundir á malbikuðum vegi og síðan aðrar sjö á malarvegi. Háski og óþægindi þessarar löngu ferðar gleymdust brátt þegar við heilsuðum hinum glöðu og fagnandi meðlimum í Mistolar.

Julio Yegros var ungur greinarforseti og hann og eiginkona hans, Margarita, voru ein fárra fjölskyldna þar sem innsiglast höfðu í musterinu. Ég bað þau að segja mér frá för sinni til musterisins.

Á þeim tíma var næsta musterí í Buenos Aires, Argentínu. Ferðin frá Mistolar til musterisins tók 27 klukkustundir aðra leiðina og þau tóku með sér tvö ung börn sín. Þetta var á miðjum köldum vetri, en með miklum fórnun komust þau til musterisins og voru þar innsigluð saman sem eilíf fjölskylda. Á leiðinni heim veiktust börnin tvö alvarlega og dóu. Þau jörðuðu þau á leið sinni og sneru heim tómhent. Þau voru einmana og sorgmædd, en fundu samt huggun og frið. Þau sögðu um þessa reynslu: „Börnin okkar

voru innsiglið okkur í musteri Drottins. Við vitum að þau munu sameinast okkur um alla eilífð. Sú vitneskja hefur veitt okkur frið og huggun. Við verðum að vera verðug og trú sáttmálunum sem við gerðum í musterinu og þá munum við sameinast þeim.“

Hvernig getum við eflt trú okkar og von og orðið lík þessum trúföstu meðlimum frá Paraguay?

Hvernig eflum við trú okkar á það sem ég hef heyrt svo margar ykkur segja aftur og aftur, að þið reiðið ykkur á kærleika Guðs, á að þið hljótið blessanir hans og að þið skiljið endurlausnaráætlunina með tilstilli frelsarans Jesú Krists, og mikilvægt hlutverk ykkar í henni?

Ég vil benda á fjögur atriði sem hafa hjálpað mér: Bæn, ritningarnám, hlýðni og þjónusta.

Bæn

Bænin er samskiptaleið við himneskan föður. Þegar við biðjum, viðurkennum við trú okkar á hann og mátt hans til að blessa okkur.

Í Alma 37:37 lesum við: „Ráðgastu við Drottin um allt, sem þú tekur þér fyrir hendur, og hann mun leiðbeina þér til góðs. Já, þegar þú leggst til hvílu að kvöldi, hvílstu þá í Drottin, svo að hann megi vaka yfir þér, meðan þú sefur. Og þegar þú ríst á fætur að morgni, lát þá hjarta þitt vera fullt af þakklæti til Guðs. Og ef þú gjörir svo, mun þér lyft upp á efsta degi“.

Ritningarnám

Þekking og skilningur á áætlun himnesks föður færir okkur vitneskju um hverjar við erum og hvað okkur ber að verða.

Drottinn hefur boðið: „Rannsakið ritningarnar, því í þeim hyggist þér eiga eilíft líf. Og það eru þær, sem vitna um mig.“¹¹

Mikil þörf er á að sérhver kona læri ritningarnar. Þegar við hljótum aukinn skilning á sannleika ritninganna, getum við hagnýtt hann í lífi okkar og öðlast meiri kraft til að ná fram tilgangi Guðs. Daglegar bænir og ritningarnám auka einnig áhrif og kraft heilags anda.

Hlýðni

Drottinn sagði: „Ef þér elskið mig, munuð þér halda boðorð mín.“¹² Með staðfastri hlýðni öðlumst við guðlega eiginleika og umbreytingu hjartans.

Í Kenningu og sáttmálum er okkur ráðlagt: „...hald fast við þá sáttmála, sem þú hefur gjört ... Hald ávallt boðorð mín, og þú munt hljóta kórónu réttlætisins.“¹³ Skuldbinding okkar um að lifa eftir fagnaðarerindinu vekur trú og von á Jesú Krist.

Þjónusta

Okkur gefast mörg tækifæri til að þjóna honum. Hverri systur er boðið að finna hina fátæku og þurfandi meðal okkar og hjálpa þeim. Hugtökin „fátæku og þurfandi“ fela

einnig í sér þá sem hafa andlegar og tilfinningalegar þarfir. Öllum er okkur einnig boðið að frelsa okkar dánur og það getum við gert með ættfræðivinnu eða musterisstarfi. Okkur hefur verið boðið að miðla öðrum fagnaðarerindinu og við getum á marga vegu tekið þátt í trúboðsstarfi. Allt eru þetta leiðir til að þjóna Drottni. Faðir okkar á himnum væntir þess að hinir styrku efli hina veiku og trú ykkar mun styrkjast er þið styrkið og annist börn hans.

Ég veit að himneskur faðir elskar sérhvert barna sinna fullkomlega, persónulega og varanlega. Ég veit að sem konur gegnum við mikilvægu hlutverki í sæluáætlun hans. Hann býður okkur aðeins að gera okkar besta við að byggja upp ríki hans. Friðþægingin er raunveruleg. Jesús Kristur er frelsari okkar og lausnari. Ég ber vitni um að ef við erum staðfastar og stöndumst allt til enda, munum við hljóta allar blessanir himnesks föður, já, eilíft líf og upphafningu. Í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Sjá HDP Móse 1:39.
2. 1 Mós 1:27–28.
3. HDP Móse 5:5.
4. 2 Ne 31:20.
5. K&S 121:7.
6. Jesa 49:15–16.
7. Jóh 15:9.
8. Jes 53:4–5.
9. K&S 19:16.
10. Fámennt og strjálbýlt landsvæði í vesturhluta Paraguay.
11. Jóh 5:39.
12. Jóh 14:15.
13. K&S 25:13, 15.